

Nd.

366. Breytingartillögur

við frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 2. gr. a.

Orðin í niðurlagi staflisins: »ráðstafanir til útrýmingar rottum og tryggingar gegn eldsvoða« falli burt.

2. Við 10. grein. Upphaf greinarinnar hljóði svo:

Úrskurði bæjarstjórnar um útsvar utansveitarmanna má skjóta o. s. frv.

3. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Útsvör öll skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkera, og eru gjalddagar útsvars samkvæmt aðalniðurjöfnun 1. dag maímánaðar og 1. dag septembermánaðar. Helming útsvars skal greiða á hvorum gjalddaga. Enginn getur, með því að skjóta útsvari sínu til bæjarstjórnar, komist hjá því að greiða þann hluta útsvars síns, sem fallinn er í gjalddaga, ef verði gjaldinu breytt, skal það, sem ofgaldið er, endurgreitt úr bæjarsjóði.

Gjalddagi á útsvari utansveitarmanna er þann dag, sem niðurjöfnunarskrá yfir þau er lögð fram. Og getur enginn komist hjá því að greiða útsvarið með því að skjóta útsvarinu undir úrskurð bæjarstjórnar eða yfirskattaneindar. Um endurgreiðslu, ef til kemur, fer sem að ofan segir.